

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 479/1979, um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna.

1. gr.

Við 2. gr. bætist eftirtalin efni:

NATRÍUMSÍLÍKÖT, þ. m. t. Metasílikat.

Merkimiði skal vera gulur. B og D.

2. gr.

Við 3. gr. bætast eftirtalin efni:

DÍ- og TRÍKLÓRISCÓYANÚRSÝRA.

Merkimiði skal vera gulur. B, D og G.

3. gr.

Við 6. gr. bætast eftirtalin efni:

NATRÍUMPERKARBÓNAT.

Merkimiði skal vera gulur. B og E.

4. gr.

Við 7. gr. bætast eftirtalin efni:

NATRÍUMBÍSÚLFÍT.

NATRÍUMSÚLFÍT.

Merkimiði skal vera gulur. B og E.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 17. gr. laga nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50/1984 um eiturefni og hættuleg efni í landbúnaði og garðyrkju og útrýmingar meindýra, með breytingu nr. 213/1984.

1. gr.

8. gr. 1. mgr. síðasta setning orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með geymslum þeirra, er leyfi hafa, enda tilkynni eiturefnanevnd því um nöfn og heimilisföng leyfishafa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti hvað snertir þá þætti sem Vinnueftirlit ríkisins sér um framkvæmd á, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um breyting á reglum um garðúðun nr. 222/1984.

1. gr.

7. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með geymslum og tækjabúnaði þeirra, sem heimild hafa til garðúðunar, enda tilkynni eiturefnanefnd Vinnueftirliti ríkisins nöfn og heimilisföng leyfishafa.

2. gr.

Ofangreind breyting sem sett er af Hollustuvernd ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, staðfestist hér með samkvæmt 14. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um samstarf um almannavarnir.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985 hefur verið ákveðið, að Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður og Bessastadahreppur í Kjósarsýslu skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð.

Þetta tilkynnist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. apríl 1986.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.